

**169. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4, þriðjudaginn 7. desember 2021 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Laufey Jónsdóttir verkefnisstjóri heimaþjónustu.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Kristinn Hallur formaður sat fundinn í gengum fjarfundarbúnaðinn Teams.

**Fyrir tekið:**

**1. 2112038 - Styrkur til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks - fjárhagsáætlun 2022**

Á fundi bæjarstjórnar í ágúst 2021 voru samþykktar reglur Akraneskaupstaðar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks. Samþykkt var að reglurnar tæku gildi frá 1. janúar 2022 og fjárhagslegar skuldbindingar vegna þeirra öðlast ekki gildi fyrr en eftir afgreiðslu fjárhagsáætlunar vegna ársins 2022.

Ákvörðun um styrkupphæð til úthlutunar fyrir árið 2022 er vísað til vinnu við fjárhagsáætlun 2022.

*Kristinn Hallur sat ekki fundinn undir þessu máli.  
Ívar Orri sat fundinn undir þessu máli.*

*Velferðar- og mannréttindaráð leggur til að heildarupphæð til úthlutunar fyrir fjárhagsárið 2022 verði kr. 1.000.000, Velferðar- og mannréttindaráð vísar málinu til afgreiðslu í bæjarráði.*

**2. 2112020 - Barnavernd - breytt skipulag**

Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um breytingar á barnaverndarlögum sem lúta fyrst og fremst að breytu skipulagi barnaverndar. Breytingarnar taka gildi að loknum næstu sveitarstjórarkosningum 2022.

*Lagt fram til kynningar.*

**3. 2111177 - Áhrif Covid-19 á gæði þjónustu við fatlað fólk - niðurstaða athugunar**

Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar vekur athygli á nýútgefnum niðurstöðum athugunar stofnunarinnar á áhrifum Covid-19 á gæðum þjónustu við fatlað fólk. Finna má stutta samantekt á skýrslunni á vefsíðu GEF. Helstu niðurstöður athugunarinnar eru eftirfarandi:

\*Tryggja þarf að viðbragðsáætlanir taki tillit til fatlaðs fólks

\*Miðla þarf upplýsingum til samfélagsins með fjölbreyttum hætti

\*Bregðast þarf við afleiðingum félagslegrar einangrunar

\*Huga þarf að stöðu fatlaðs fólks á vinnumarkaði

\*Þörf er á átaki varðandi ráðstafanir til að draga úr nauðung í þjónustu

\*Áfram þarf að stuðla að sveigjanleika og þróun í þjónustu

\*Samstarf þjónustukerfa er lykilatriði í lausnum

Lagt fram til kynningar.

Fundargerð samþykkt, mál nr. 2 og 3, með rafrænum hætti af KHS.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.**

Einar Brandsson  
Anna Þóra Þorgíðottir  
Sveinbjörn Kristjánss.  
Jóala Þórssdóttir